

Ágæti launagreiðandi

Reykjavík, 31. mars 2020.

Breytingar þann 1. apríl 2020 í samræmi við kjarasamning GRAFÍU og FA/SÍA

Almenn launahækkun

- 1. apríl 2020 18.000 kr.

Stytting á vinnutíma – 1. apríl 2020

- Ný deilitala dagvinnu verður 152, í stað 156. Þannig styttist vinnuvikan um 1 klst úr 36 tímum að meðaltali í 35 tíma.
- Dagvinnulaun hækka um 2,6% - mánaðarlaun óbreytt

Dæmi um 600.000 kr. laun sem hækka um 18.000 kr. 1. apríl 2020.

Mánaðarlaun	Deilitala	Tímakaup
618.000 kr.*	152	4.066 kr.

- Öll laun hækka um a.m.k. 18.000 kr. eða 118,40,- pr. tíma frá 1. apríl.
- Dagvinnutímabil verður 07.00 – 18.00 (breytist úr 09.00 – 18.00 á mánudögum og 9.00 til 17.00 aðra daga)
- **1.4.2020 - Nýjar yfirvinnuprósentur**
 - Yfirvinna 1: **1,00%** af mánaðarlaunum
 - Yfirvinna 2: **1,15%** af mánaðarlaunum
- **Raunveruleg stytting vinnutíma er 1 klst á viku.** Réttur til 20 mínútna kaffitíma á dag er óbreytt í kjarasamningi.
- **Vinnudagur 7 klst að jafnaði.**

Launataxtar 1. apríl 2020

		Deilitala 152	1,00%	1,15%
1. flokkur byrjunarlaun	416.596 kr	2.741 kr	4.166 kr	4.791 kr
2. flokkur eftir 1 ár	444.352 kr	2.923 kr	4.444 kr	5.110 kr
3. flokkur eftir 4 ár	467.344 kr	3.075 kr	4.673 kr	5.374 kr
4. flokkur eftir 6 ár	501.991 kr	3.303 kr	5.020 kr	5.773 kr

Yfirvinna 1

- Gildir um fyrstu 17,33 klst á launatímabili/mánuði að meðaltali.

Yfirvinna 2 (hærra álag)

- Greiðist af vinnu umfram 169,33 á launatímabili/mánuði!
- Gildir alltaf á nóttunni, frá kl. 00:00 - 06:00

Skýringar á yfirvinnu 1 og 2.

a) Hjá starfsmanni í fullu starfi sem skilar 35 klst. dagvinnu á viku að meðaltali á launatímabili / mánuði (152 klst. m.v. meðalmánuð) er yfirvinna 1 greidd fyrstu 4 klst. á viku að jafnaði eða 17,33 klst. á mánuði m.v. meðalmánuð. Yfirvinna 2 er greidd fyrir yfirvinnu umfram það.

b) Ef starfsmaður skilar ekki fullri dagvinnu vegna vinnuskipulags eða fjarvista er miðað við að yfirvinna 2 sé greidd þegar starfsmaður hefur skilað 41 klst. á viku að meðaltali á mánuði eða 169,33 klst. m.v. meðalmánuð.

c) Dagvinnustundir á sérstökum frídögum, í orlofi, veikindatilvikum eða launalausum leyfi teljast þó sem hluti 35 klst. vinnuviku / 152 klst. mánaðar. Slíkar fjarvistir teljast til vinnustunda í skilningi a) liðar.

d) Óunnin yfirvinna, sem t.d. er greidd vegna skerðingar á hvíldartíma og aukagreiðsla vegna vinnu í greiddum neysluhléum utan dagvinnutímabils, telst ekki með tímum sem safnast upp og veita rétt til greiðslu yfirvinnu 2.

- **Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:**
 - Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2020 verði orlofsuppbót kr. 51.000.

- **Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:**
 - Á árinu 2020 94.000 kr.

Nánari upplýsingar veitir georg@rafis.is